

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. mars 2010
Tilvísun: UST20100200126/bs

Stækkun Mjólkárvirkjunar. Ákvörðun um matsskyldu. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða stækkun og endurnýjun Mjólkárvirkjunar. Meðal nýframkvæmda er bygging tveggja stöðvarhúsa, lagning þrýstipípu frá Prestagilsvatni að Borgarhvilftarvatni, framlengingu Hofsárveitu og lagning veituskurðar.

Um framkvæmdina segir m.a. í tilkynningaskýrslu: *Engin ný lón eða stíflur verða gerðar. Mjög takmörkuð vegslóðagerð verður vegna framkvæmdanna, en núverandi slóðar nýtast við nánast alla framkvæmdina. Rennsli í Mjólkárfossum mun aukast lítilega en rennsli í tveimur lækjum minnkar eða hverfur.*


Hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er grýtt og gróðursnautt. Hlíðin ofan stöðvarhúsa I og II er að miklu leyti kjarri vaxin. Gróðri á þessum stað var raskað þegar núverandi þrýstipípa var lögð. Við endurnýjun pípunnar verður sama pípastæði notað.


Hofsárveita sem gerð var árið 1976 er að hluta innan svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá. Fyrirhugaðar framkvæmdir við lengingu Hofsárveitu eru utan svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá.

Fyrirhugaðar framkvæmdir verða að mestu leyti innan svæðis sem þegar hefur verið raskað við sambærilegar framkvæmdir. Fyrirhuguð mannvirki eru flest frekar lítil, t.d. eru veituskurðir rúmur metir á breidd. Framkvæmdin mun að líkindum hafa óveruleg áhrif á gróðurfar. Áhrif fyrirhugaðra mannvirkja á landslag mun að líkindum verða lítil.

Að teknu tilliti til ofangreindara sjónarmiða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð stækkun Mjólkárvirkjunar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri